

Tillaga
Afgreiðsla

A 1964/UVN
Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnna á Norðurlöndum

- að finna ný verkfæri til að vinna gegn rasisma og annarri öfgahyggju, og
- að gera áætlun/áætlanir um hvernig ríkisstjórnirnar hyggjast fylgja eftir tillögunum í skýrslunni um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag og gefa Norðurlandaráði skýrslu um það á næstu 12 mánuðum.
- að Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
- að koma á ráðstefnu með sjálfstæðum stofnunum á sviði jafnréttis og mismununar á Norðurlöndum.

Bakgrunnur

Rasismi í pólitískri umræðu verður sífelld vanalegr í norrænni samfélagsumræðu. Stór hluti af gagnrýni á t.d. innflytjendamál er lituð rasisma og mismunun. Það er jafnvel orðin venja í samfélagsmiðlum að benda á og kenna minnihlutahópum um samfélagsleg vandamál án tillits til niðurstaðna rannsókna, t.d. hverjar séu orsakir andfélagslegrar hegðunar eða glæpa. Rasismi og mismunun kemur sérlega illa við konur þar sem þengt er að plássi þeirra í samfélaginu. Þá veldur þetta óöryggi hjá börnum sem getur haft áhrif til lengri tíma.

Til að berjast gegn rasisma og mismunun þurfum við að auka þekkingu okkar og skilning á þróun og birtingarmynd þessara þátta á Norðurlöndum. Stjórnmalafólk ber sértaka ábyrgð á að traust á milli innflytjendahópa og traust þeirra á stofnunum samfélagsins og frjálsra fjölmiðla hverfi ekki.

Norræna ráðherranefndin hefur áður látið gera rannsóknir um hægriöfgahyggju og incel-hreyfinguna á Norðurlöndum. Niðurstöður [síðustu rannsóknarinnar](#)¹, sem fjallar um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag, voru birtar í mars

¹ <https://www.norden.org/is/news/ny-skyrsla-um-haegriofgastefnu-nordurlondum-fra-1918-til-dagsins-i-dag>



2023. Við hæfi væri að halda áfram að horfa á praktísk atriði og innleiðingu vinnunnar á móti rasisma og mismunum.

Í norrænu löndunum höfum við sambærileg kerfi og regluverk til að vinna gegn rasisma og stuðla að jafnræði og jafnrétti.

Nú þarf að safna saman reynslu frá stofnunum á þessu sviði og eiga samtal við ráðamenn á Norðurlöndum um stöðuna og hvernig við miðlum góðri reynslu — það eru bestu tækin til að koma í veg fyrir rasisma og ójafnrétti?
Hvað verður um lýðræðið á Norðurlöndum og tjáningarfrelsið ef núverandi þróun heldur áfram óbreytt og fleiri og fleiri hópar innflytjenda upplifa sig svo útsetta eða stöðu sína svo viðkvæma að þeir vilji ekki lengur taka þátt í samfélagsumræðunni?

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vill vinna áfram með þingmannatillöguna og undirstrikar mikilvægi þess að nýta þekkinguna og tillögurnar sem er að finna í skýrslunni.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Eva Lindh (S)

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Solveig Vitanza (A)

Truls Vasvik (A)

Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)

Johan Hultberg (M)

Maaret Castrén (saml)

Svein Harberg (H)

Eva Biaudet (sv)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Johan Dahl (sb)

Liz Mattsson (Sp)

Jette Gottlieb (EL)

Tobias Drevland Lund (Rødt)

Fyrirvari

Norrænt frelsi vill *ekki* vinna frekar með tillöguna þar sem hópurinn telur hana hafa skýra slagsíðu gegn „hægriöfgahyggju“ og sleppi með því annarri öfgahyggju á borð við þá sem hlutar múslimaheimsins og vinstrisinna stunda, svo sem gyðingahatursyfirlýsingar í tengslum við átökin milli Ísrael og Hamas og beinar árásir á gyðinga sem hér búa. Norrænt frelsi hefur kallað eftir jafnvægi í tillöggunni en ekki hefur verið orðið við þeirri ósk.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Mikkel Bjørn (DF)